

# Aðalfundur Læknafélags Íslands

## Lögum félagsins breytt allverulega

AÐALFUNDUR LÆKNAFÉLAGS Íslands var haldinn dagana 11. og 12. október og þótt hann muni eflaust teljast hinn merkasti fundur þegar fram líða stundir þá fór hann ákaflega rólega fram og án allra átaka. Þau tímamót urðu að lögum félagsins var breytt allverulega og voru tillögur stjórnar þar að lútandi samþykktar án breytinga og án teljandi athugasemda.

Eins og menn muna þótti að minnsta kosti tveimur aðildarfélögum LÍ lög félagsins þrengja verulega að rétti félagsmanna til að semja um kaup sín og kjör. Félag ungra lækna hefur gengið svo langt að segja sig úr Læknafélaginu og tóku félagsmenn þess félags ekki þátt í aðalfundinum að öðru leyti en því að formaðurinn sat fundinn sem gestur. Þá hefur Skurðlæknafélag Íslands einnig breytt lögum sínum á þann veg að félagið geti í framtíðinni farið með samningamál félagsmanna sinna gagnvart ríkinu í stað þess að leggja þau í hendur hinnar sameiginlegu samninganefndar félagsins sem samið hefur um kaup og kjör allra sjúkrahúslækna.



*Sigurbjörn Sveinsson  
formaður LÍ setur aðalfund félagsins sem haldinn var í Hlíðasmára.*

Eins og fram hefur komið hér í blaðinu ákvað stjórn LÍ að koma til móts við þessi sjónarmið og lagði fram viðamiklar tillögur til breytinga á lögum, einkum þeim hluta þeirra sem varðar stéttarfélagspáttinn í starfsemi félagsins. Kjarni þeirra tillagna var sá að breyta reglum um aðild að félag-

## Ályktanir aðalfundar LÍ

Aðalfundur Læknafélags Íslands haldinn 11.-12. október 2002 samþykkir að veita árlega 1.500.000 kr. til **Fræðslustofnunar lækna** til að standa straum af kostnaði við fræðslunámskeið, útgáfu símenntunarfnefnis og undirbúning að skráningu símenntunar lækna. Aðalfundurinn samþykkir að veita óbreytta upphæð til þriggja ára en að þeim tíma liðnum skal Fræðslustofnun gera grein fyrir nýtingu fjárens áður en ákvörðun um frekari fjárframlög til Fræðslustofnunar verður tekin.

Aðalfundur Læknafélags Íslands haldinn 11.-12. október 2002 hvetur heilbrigðisráðherra til þess að endurskoða reglugerðir um **veitingu lækninga- og sérfræðileyfa** til samræmis reglugerðum á Evrópska efnahagssvæðinu.

Aðalfundur Læknafélags Íslands haldinn 11.-12. október 2002 lýsir yfir fullum **stuðningi við réttindabaráttu Félags íslenskra heimilislækna** og gagnrýnir harðlega stefnuleysi stjórnvalda í málefnum heilsugæslunnar. Fundurinn skorar á heilbrigðisráðherra að marka stefnu í starfs- og launaumhverfi heimilislækna með því að auka sjálfstæði þeirra til jafns við aðra sérfræðilækna og hlúa þannig að þeim hornsteini heilsugæslunnar sem heimilislæknirinn er. Fundurinn skorar því á ráðherra að leita nú þegar samkomulags við heimilislækna um starfskjör þeirra.

Aðalfundur Læknafélags Íslands haldinn 11.-12. október 2002 lýsir yfir áhyggjum af **skorti á stefnu og markmiðum Landspítala – Háskólasjúkrahúss** í kjölfar sameiningar. Læknisfræðileg sjónarmið eru ekki nægjanlega höfð að leiðarljósi við mikilvægar ákvarðanir og skipulagsbreytingar, en óljós fjárhagsleg markmið ráðandi. Lækningar, vísindarannsóknir og kennsla eru hornsteinar háskólasjúkrahúss. Fundurinn skorar á yfirstjórn sjúkrahússins að marka stefnu á þessum grunni.

**Pröstur Haraldsson**

## Vitundarvakning um ristilkrabbamein

HLEYPT HEFUR VERIÐ af stokkunum fræðsluátaki sem ber yfirskriftina *Vitundarvakning um ristilkrabbamein*. Að því standa Félag sérfræðinga í meltingarsjúkdómum, landlæknir og Krabbameinsfélagið og felst það meðal annars í útgáfu tveggja bæklinga, annar er ætlaður heilbrigðisstéttum og verður dreift á heilbrigðisstofnunum en hinn er ætlaður almenningi og verður honum dreift í hús á næstu vikum.

Ristilkrabbamein er þriðja algengasta krabbamein á Íslandi og önnur algengasta dánarsök af þeim völdum. Árlega greinast að meðaltali 110-120 tilvik hér á landi og er nýgengi svipað hjá konum og körlum. Nýgengi er lágt meðal fólks undir fimmtugu en fer síðan vaxandi. Á hverju ári deyja 40-50 manns af völdum ristilkrabbameins.

Þetta krabbamein hefur þá sérstöðu að vera með greinanlegt, góðkynja forstigi og er því mikilvægt að upplýsa almenning um einkenni og hvernig hægt er að fylgjast með þeim. Í könnun sem gerð var árið 2000 meðal fólks á aldrinum 17-75 ára kom í ljós að tæplega helmingur aðspurðra vissi um fyrstu einkenni ristilkrabbameins og einungis helmingur þeirra sem hafði greint blóð í hægðum hafði leitað sér meðferðar.

Á hinn bóginn kom í ljós mikill áhugi á fræðslu um sjúkdóminn og nú er ætlunin að svala þeirri þörf. Auk bæklinganna verða birtar greinar og auglýsingar í blöðum með upplýsingum um ristilkrabbamein.

Á blaðamannafundi þar sem átakið var kynnt spunnust nokkrar umræður um fjöldaskimun þeirra sem teljast vera í áhættuhópi vegna ristilkrabbameins en forsvarsmenn átaksins lögðu áherslu á að slíkt væri ekki á döfinni. Hins vegar ætlar landlæknir að skipa starfshóp til að kanna hvort slík skimun er æskileg eða möguleg. Með henni mælir ýmislegt, svo sem fordæmið frá skimun vegna leghálskrabbameins, en á móti kemur að slík skimun er ákaflega dýr.

inu á þann veg að í stað þess að aðildarfélög LÍ séu svæðafélög lækna þá verður félagið nú safn svæðafélaga og þeirra félaga sem kjósa að fara með samningsrétt félaga sinna og hafa fengið umboð þeirra til þess.

Tillögurnar voru gerðar undir þeim formerkjum að betra væri „að breyta húsinu frekar en að byggja nýtt“, eins og Jón Snædal komst að orði. Þessi stefna féll vel í kramið þannig að umræður um tillögurnar voru á afar jákvæðum nótum og þótt stöku maður hefði einhverjar athugasemdir við þær varð niðurstaðan sú að engar tillögur bárust um að breyta breytingartillögum stjórnar og voru þær því samþykktar einum rómi. Ekki þykir ástæða til að birta lögina með áorðnum breytingum hér í blaðinu þar sem þau voru birt í heild eins og þau eru nú orðin í septemberblaði Læknaþbladsins.

### Traustur hagur félagsins

Fundurinn allur var í þessum anda, öll dýrin í skóginum voru vinir og hlýddu á skýrslur um hag félagsins sem er traustur. Voru ekki gerðar miklar athugasemdir við rekstur félagsins og engar stórvægi-legalar. Fjórar ályktanir voru samþykktar og eru þær birtar hér. Málþing var að

vanda haldið á laugardagsmorgni og var þar fjallað um þrjú málefni: Sigurður Guðmundsson reifaði reglur um skyldur og réttindi lækna sem General Medical Council í Bretlandi hefur sett, Einar Oddsson fjallaði um kynningu lækna á starfsemi sinni í ljósi nýrrar tækni og Arnór Víkingsson ræddi um símenntun lækna. Erindi Sigurðar landlæknis eru gerð nokkur skil hér í blaðinu.

Eftir hádegi var gengið til kosninga. Úr stjórn gekk Sigurður Kr. Pétursson meðstjórnandi og Oddur Steinarsson sem sat í stjórn fyrir hönd Félags ungra lækna sem ekki á lengur aðild að LÍ. Í þeirra stað voru kjörnir þeir Ófeigur T. Þorgeirsson læknir á Selfossi og Sigurður E. Sigurðsson á Akureyri. Stjórn LÍ fyrir starfsárið 2002-2003 er því þannig skipuð:

**Sigurbjörn Sveinsson** formaður

**Jón Snædal** varaformaður

**Birna Jónsdóttir** gjaldkeri

**Hulda Hjartardóttir** ritari

**Ófeigur T. Þorgeirsson** meðstjórnandi

**Páll H. Möller** meðstjórnandi

**Sigurður E. Sigurðsson** meðstjórnandi

**Sigurður Björnsson** meðstjórnandi frá

Sérfræðingafélagi íslenskra lækna

**Þórir B. Kolbeinsson** meðstjórnandi

frá Félagi íslenskra heimilislækna.